

Jafnfættis í námi



Júlí 2019



Nafn skóla: Húsaskóli

Nafn verkefnisins: Jafnfætis í námi. Leiðsagnarnám, upplýsinga- og tæknimennt

Nafn verkefnisstjóra: Sólveig Rósa Sigurðardóttir

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS 26 - 2018-19

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Markmið verkefnisins er að þróa og innleiða kennsluhætti þannig að allir nemendur fái menntun við hæfi og fái tækifæri til að ná besta mögulegum árangri út frá eigin getu og hæfni. Við viljum nýta aðferðir leiðsagnarnáms til að mæta öllum nemendum skólans óháð stöðu þeirra í námi, efla samvinnu þeirra á milli og umræðu um nám. Vitund nemenda um sitt eigið hugafar verður eitt af lykilverkefnum og að þeir þekki og tileinki sér í starfi vaxandi hugarfar (Carol Dweck) og hvernig fastmótað hugarfar getur verið hamlandi í námi. Markmið verkefnisins er einnig að kenna nemendum að nýta tæknina til að hver og einn fái námsefni við hæfi og að þeir geti skilað verkefnum á fjölbreyttan hátt. Við viljum jafna tækifæri nemenda til nota tæki og hugbúnað sem verkfæri sem styður við nám óháð bakgrunni og félagslegum aðstæðum þeirra. Skólanámskrá Húsaskóla verður endurskoðuð með tilliti til nýrra kennsluhátta og aukins vægis upplýsinga- og tæknimenntar og kennslustundir skipulagðar þannig að allir nemendur geti verið þátttakendur í sama viðfangsefninu þó að þeir nálgist það á ólíkan máta en þau séu unnin í samvinnu og heild við nám annarra nemenda. Þá munum við vinna að auknu samstarfi við foreldra með því að kynna þeim aðferðir leiðsagnarnáms, gera þá færa í nýta tæknina til sjá hvar nemendur eru staddir og aðstoða þá eftir þörfum.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Stofnaður var stýrihópur í upphafi árs sem hélt utan um og sá um fræðslu og næstu skref fyrir þróunarverkefnið.

Endurmenntun

Hjá Skóla- og frístundarsviði Reykjavíkurborgar er verkefnastjóri í vinnu við að styðja kennara borgarinnar í vinnu sinni á kerfið. Þangað er hægt að leita til að fá kennslu og fræðslu og var því haldin með þeirra aðstoð menntasmiðja fyrir alla kennara í Húsaskóla í upphafi skólaársins. Kennend voru undirstöðuatriði á námsumsjónarkerfi Google eða Google Classroom m.a. verkefnaskil nemenda og rafræn endurgjöf kennara. Kennarar eru komnir mislangt á leið í bæði þekkingu og notkun á kerfinu.

Einnig fengu allir kennarar Húsaskóla fyrirlestur og kennslu frá kennurum í Sæmundarskóla sem kenndu og sýndu hvernig þeir nota viðbótarforritið Kami með nemendum sínum. Kami hefur t.d. þann kost að hægt er að færa námsbækur yfir á tölvutækt form með auðveldum hætti og deila þeim inn í Google námsumsjónarkerfið og með nemendum. Þetta var nýtt í lok skólaársins fyrir alla nemendur í 6. og 7. bekk og reyndist öflugt tæki til að einstaklingsmiða nám nemenda sem þurftu á því að halda.

Tvisvar yfir skólaárið fengu kennarar Húsaskóla jafningjafræðslu þar sem kennarar í 7. bekk buðu öðrum kennurum að koma í kennslu hjá sér og sjá hvernig þeir nýta Google lausnir með nemendum sínum.

Eftir áramót fóru tveir kennarar og einn stjórnandi á svokallað Google Admin námskeið þar en það miðaði að því að í skólanum séu verkefnastjórar sem þekki kerfið vel og geti leiðbeint öðrum kennurum þegar leitað er lausna í Google til að nýta í kennslu með nemendum. Námsumsjónarkerfi á borð við Google þarfnast utanum halds og mikilvægt er að starfsmenn innan skólans séu til taks.

Að lokum eru kennarar í Húsaskóla að fara á sumarsmiðjuráðstefnu um Google námsumsjónakerfið sem verður haldin í Sæmundarskóla um miðjan ágúst. En markmið þeirrar sumarsmiðju er að veita innblástur og styrkja stafræna hæfni einstaka kennara og stjórnenda sem stýra og styðja við innleiðingu á kennsluháttum þar sem Google lausnir eru nýttar. Fyrirlesarar verða m.a. frá Google Education, skólaskrifstofunni í Árósum og innlendum skólum sem eru með spennandi verkefni og nýbreytnistarf í gangi tengt Google lausnum. Í kjölfarið eru vinnustofur um kjarna-forrit í G suite for Education t.d. Google Drive, Google Docs, Google Slides, Google Forms, Google Classroom. Kennsluráðgjafar frá WizKids í Englandi og Danmörku sjá um vinnustofur dagsins sem fara fram á ensku. Fjallað verður m.a. um kennslufræði virks nám (e. Active learning), samþætt-verkefnatengt nám (e. PBL-project based learning) og hlutverk stafrænna kennsluhátta í þessu samhengi.

Samræming skólanámskrá

Vinna hófst í vetur að samræma skólanámskrá í upplýsinga- og tækni mennt til að samræma þekkingu nemenda. Framkvæmdin á því hófst með að taka tillit til þess hvað nemendur er að læra með tilstilli Google og notkunar á Chromebook tölvum.

Húsaskóla var boðið að vera tilraunaskóli í innleiðingu á samþættingu Mentor og Google þar sem m.a. er gert ráð fyrir að kennarar geti tengt námslotur í Mentor við Google Classroom kerfið. Þannig geta kennarar skráð námsmat þ.e. viðmið úr lotum og þannig með einföldum hætti metið árangur nemenda. Gert er ráð fyrir að þessi vinna hefjist á haustmánuðum 2019 í samstarfi við Skóla- og frístundarsvið.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Gert var ráð fyrir að halda foreldranámskeið og þannig styrkja tengsl heimilis og skóla í námi nemenda. Þar sem ekki allir nemendur og kennarar voru komnir með Chromebook tölvu eins og gert var ráð fyrir í upphafi skólaárs þá var ákveðið að bíða með að halda þessi námskeið þangað til í upphafi næsta skólaárs. Gert er ráð fyrir að foreldrar fái fræðslu og kynningu hvernig nemendur nýti þetta tæki og hvernig kennsluhættir komi til með að þróast og breytast í kjölfar þeirrar vinnu.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Í upphafi skólaárs var gert var ráð fyrir að allir nemendur á miðstigi yrðu komnir með sína eigin tölvu í upphafi verkefnis en það varð ekki raunin fyrr en í mars/apríl. Þessi töf á búnaði gerði það að verkum að foreldrakynning og fræðsla sem átti að fara fram á

Þróunarverkefninu var sett á bið þangað til í upphafi næsta skólaárs. Annað sem við rákum okkur á var að þekking og reynsla kennara af námsumsjónarkerfinu er fjölbreytt og það þurfti t.d. að einstaklingsmiða kennsluna á Google sem var leyst með því að vera með jafningjafræðslu fyrir einstaka kennara.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Helsti ávinningurinn af þróunarverkefninu var í fyrsta lagi sá að nemendur urðu sjálfstæðari í vinnu og notkun á upplýsingatækni í námi sínu. Í öðru lagi þá voru nemendur og kennarar í 7. bekk komin í lengst í notkun sinni á Google lausnum og allir nemendur með sína Chromebook tölvu. Hægt var að merkja að nemendur með einstaklingsnámskrá í þeim árgangi upplifðu sig vera að vinna í sama námsefni og samnemendur. Í þriðja lagi þá sýndu kennarar áhuga á að nýta tæknina á fjölbreyttari hátt en áður og eru á leið á áhugaverða sumarsmiðju um miðjan ágúst sem haldin verður í Reykjavík um Google lausnir í skólastarfi. Að lokum var hægt að merkja að foreldrar voru jákvæðir í garð þróunarverkefnisins og áætlað er að halda foreldrafræðslu á notkun Google lausna í upphafi næsta skólaárs til að kynna verkefnið betur og styrkja þannig samvinnu heimilis og skóla í námi nemenda.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Verkefnið hefur haft áhrif á skólastarfið á jákvæðan hátt. Meira er lagt upp úr því að nemendur fái tækifæri til þess að vinna verkefni sín á tölvu ef það hentar þeim betur þar sem Google er auðvelt og aðgengilegt í notkun. Einnig hefur það mikil áhrif að hver og einn nemandi á miðstigi getur nú í upphafi næsta skólaárs verið með sína eigin tölvu. Kennarar eru enn að sækja sér þekkingu og eins og með öll þróunarverkefni þá heldur þetta áfram af fullum krafti strax í upphafi næsta skólaárs þar sem kennarar eru á leið á námskeið í Google lausnum. Bæði til að rifja upp og styrkja þá þekkingu sem þeir urðu sér út um á þessu skólaári með tilstilli þessa þróunarverkefnis en einnig til þess að læra eitthvað nýtt.

Niðurstöður verkefnisins: T.d. eftirfarandi og/eða annað sem við á varðandi niðurstöður verkefnisins

Við teljum okkur betur í stakk búin til þess að einstaklingsmiða nám nemenda með Google lausnum og Chromebook tölvum þannig að þeir eru jafnfætis í námi en áður ef við hefðum ekki lagt af stað í þessa vinnu og þetta þróunarverkefni.



Sólveig Rósa Sigurðardóttir
Verkefnastjóri



Katrín Cýrusdóttir
Skólastjóri Húsaskóla